Í Sveitarfélaginu Árborg búa tæplega 11 þúsund manns og lögð er áhersla á öflugt skólastarfi og góða frístunda- og velferðarþjónustu. Skólaþjónustan og aðrar deildir fjölskyldusviðs vinna af miklum krafti að eflingu þverfaglegs samtarfs og snemmtæks stuðnings sem er liður í að styrkja heildstæða nærþjónustu við börn, foreldra og skóla. Meginþjónustubættir skólaþjónustu eru kennslufræðileg ráðgjöf, talmeinaráðgjöf og þjálfun, sálfræðiráðgjöf, stuðningur við starfsþróun í skólum sem og ýmsar skimanir og greiningar. Í Sveitarfélaginu Árborg eru sex leikskólar og fjórir grunnskólar. Ráðið verður í stöðuna frá 1. janúar 2022 eða eftir nánari samkomulagi.

Meginverkefni

- Fagleg forysta á sviði skólaþjónustu í samræmi við lög og menntastefnu Árborgar
- Stýra og bera ábyrgð á daglegu starfi og rekstri skólaþjónustu.
- Næsti yfirmaður starfsfólks skólaþjónustu, m.a. kennsluráðgjafa, sálfræðinga og talmeinafræðinga
- Virk þátttaka í þróun og skipulagi skólastarfs í Árborg
- Innleiðing á nýju verklagi og þróun teymisvinnu í samstarfi við aðra stjórnendur
- Stjórnsýsluverkefni og ábyrgð á rekstri skrifstofu skólamála ásamt sviðsstjóra
- Tryggja gott samstarf við stofnanir á sviði heilbrigðis- og skólamála

Umsóknarfrestur er til 18. október 2021.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags. Starfshlutfall er 100%. Vakin er athygli á stefnu Sveitarfélagsins Árborgar að jafna hlutfall kynjanna í störfum hjá sveitarfélaginu og að vinnustaðir endurspegli fjölbreytileika samfélagsins.

Nánari upplýsingar veitir Þorsteinn Hjartarson, sviðsstjóri fjölskyldusviðs, thorsteinnhj@arborg.is eða í síma 480-1900. Umsókn fylgi yfirlit yfir nám og fyrri störf, ásamt greinargóðum rökstuðningi fyrir hæfni í starfið og er skilað í gegnum ráðningarvef sveitarfélagsins, starf.arborg.is



Embætti skólameistara Flensborgarskólans í Hafnarfirði

Flensborgarskólinn í Hafnarfirði er með elstu starfandi skólum á Íslandi. Hann var upphaflega stofnaður árið 1877 sem barnaskóli en hefur frá árinu 1975 verið framhaldsskóli. Í dag er Flensborgarskólinn bóknámsskóli sem leggur áherslu á nám til stúdentsprófs af félagsvísinda-, raunvísinda- og viðskipta og hagfræðibraut, auk opinna námsbrauta þar sem nemendur geta hannað sína eigin námsbraut úr námsframboði skólans. Íþróttáafrekssvið er starfrækt við skólann sem nemendur geta samtvinnað öllum námsbrautum. Einnig býður skólinn nám á starfsbraut sem er ætluð nemendum sem þurfa einstaklingsmiðað nám vegna fötlunar eða sértækra náms örðugleika. Nemendur skólans eru ríflega 700 og starfsmenn skólans eru um 85.

Skólameistari veitir skólanum forstöðu. Hann stjórnar daglegum rekstri og starfi skólans og gætir þess að skólastarfið sé í samræmi við lög, reglugerðir, aðalnámskrá og önnur gildandi fyrirmæli á hverjum tíma. Hann ber ábyrgð á gerð fjárhagsáætlunar og að henni sé fylgt auk þess að hafa frumkvæði að gerð skólanámskrár og umbótastarfi innan skólans sbr. 2. mgr. 6. gr. laga um framhaldsskóla nr. 92/2008. Skólameistari gegnir mikilvægu hlutverki í mótun skólastarfs á grundvelli laga og aðalnámskrár framhaldsskóla og er mikilvægt að umsækjendur hafi skýra framtíðarsýn hvað þetta varðar.

Hæfni- og menntunarkröfur:

- Starfsheitið kennari ásamt viðbótarmenntun í stjórnun eða kennslureynslu á framhaldsskólastigi.
- Umfangsmikil stjórnunarreynsla og leiðtogaþæfni.
- Þekking og reynsla af fjármálum, rekstri og áætlanagerð.
- Þekking og reynsla af opinberri stjórnsýslu.
- Reynsla af verkefnastjórnun og stefnumótunarvinnu.
- Afburðafærni í mannlegum samskiptum og færni í að skapa liðsheild á vinnustað.
- Skýr framtíðarsýn og hæfileiki til nýsköpunar.

Ráðning og kjör

Mennta- og menningarmálaráðherra skipar skólameistara til fimm ára í senn að fenginni umsögn hlutaðeigandi skólanefndar skv. 6. gr. laga um framhaldsskóla, nr. 92/2008, sbr. lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, með síðari breytingum. Skipað er í embættið frá 1. janúar 2022.

Um ráðningu og launakjör skólameistara fer eftir 39. gr. a í lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996 og 12. gr. laga um menntun, hæfni og ráðningu kennara og skólastjórnaenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla, nr. 95/2019.

Nánari upplýsingar um embættið má finna á vefsíðu Starfatorgs. Umsóknarfrestur er til og með 22.10.2021.

Stjórnarráð Íslands
Mennta- og menningar-
málaráðuneytið



EUROPEAN UNION
DELEGATION TO ICELAND

Accounts clerk

The Delegation of the European Union to Iceland is seeking to recruit an Accounts Clerk. The responsibilities of the job holder will include, but not be limited to, assistance with financial/budgetary management; public procurement; management of infrastructure and assets; logistics support and other administrative tasks in support of the Delegation's activities.

Minimum Requirements:

- Proven experience of min. 1-3 years in an administrative role
- Very good knowledge of English
- Good knowledge of Icelandic
- Upper secondary education or equivalent

For further information please visit
<https://europa.eu/!8wqvGf>

The deadline for applications is October 20th 2021



Sveitarfélagið
ÁRBORG

Deildarstjórar og leikskólakennarar óskast til starfa í leikskólann Goðheima á Selfossi

Leikskólinn Goðheimar er nýr sex deilda leikskóli á Selfossi. Opnaðar voru þrjár deildir skólans í apríl 2021 og í janúar 2022 opna tvær deildir og 6. deildin opnar í febrúar 2022. Unnið er að innleiðingu á Heilsueflandi leikskóla og grænfána. Hér er tækifæri fyrir leikskólakennara til að taka þátt í mótun skólans og hafa fagleg áhrif á þróun hans.

Deildarstjórar

Um er að ræða þrjár 100% stöður deildarstjóra, ráðið verður í tvær 100% stöðu frá og með 1. janúar 2022 og eina 100% stöðu frá og með 1. febrúar 2022 eða eftir samkomulagi.

Leikskólakennarar

Um er að ræða 12 stöður leikskólakennara í 100% starfshlutfalli. Ráðið verður í átta stöður frá og með 1. janúar 2022 og fjórar stöður frá og með 1. febrúar 2022 eða eftir nánara samkomulagi.

Nánari upplýsingar um störfín eru á heimasíðu Árborgar undir starf.arborg.is

Umsóknarfrestur er til 25. október 2021.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðeigandi stéttarfélags. Vakin er athygli á stefnu Árborgar að jafna hlutfall kynjanna í störfum og að vinnustaðir endurspegli fjölbreytileika samfélagsins.

Eingöngu er hægt að sækja um starfið inn á ráðningarvef sveitarfélagsins starf.arborg.is.

Umsóknum fylgi leyfisbréf, yfirlit yfir nám, fyrri störf og rökstuðningur fyrir hæfni í starfi.

Nánari upplýsingar um störfín veita:

Sigríður Birna Birgisdóttir, leikskólastjóri
sími 480-6301, godeimar@arborg.is

Anna Gína Aagestad, aðstoðarleikskólastjóri
sími 480-6302, godeimar@arborg.is

Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —

Beinn sími: 550 5625

Sölufulltrúar:

Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is



Tækniteiknari burðarvirkja

NNE Verkfræðistofa leitar eftir góðu fagfólki til framtíðarstarfa á burðarvirkjasvið. Í boði er gott og fjölskylduvænt starfsumhverfi. Starfið felst í allri almennri teikningu burðarvirkja.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Tækniteiknaramenntun
- Gott vald á Revit og Autocad
- Lágmark 3ja ára starfsreynsla
- Sjálfstæði í starfi
- Jákvæðni og lípurð í mannlegum samskiptum.
- Góð kunnátta í íslensku og ensku

Fyrirspurnir og umsóknir sendist á netfangið hoo@nne.is. Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál og öllum umsóknum verður svarað.

NNE Verkfræðistofa er lítið en öflugt fyrirtæki á sviði mannvirkjahönnunar. Fyrirtækið þjónustar fjölbreyttan hóp viðskiptavina og framundan eru spennandi verkefni.

NNE VERKFRÆÐISTOFA
www.nne.is

Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —



Aðstoðarleikskólastjóri óskast

Auðarskóli í Dalabyggð auglýsir stöðu aðstoðarleikskólastjóra. Um er að ræða 100% starfshlutfall frá og með 1. desember 2021. Við leitum að einstaklingi sem er jákvæður, skapandi og vill vera virkur hluti liðsheildar.

Helstu verkefni aðstoðarleikskólastjóra:

- Er hluti af stjórnunarteymi Auðarskóla, sem er sameinaður skóli með þrjár deildir, grunnskóla-, leikskóla og tónlistarskóla-deild.
- Vinnur að daglegri stjórnun og rekstri leikskólans, sem og skipulagningu uppeldis- og kennslustarfsins.
- Er faglegur leiðtogi og ber að kynna sér nýjungar í starfi og miðla þekkingu til starfsmanna.
- Sinnir þeim verkefnum er varða stjórnun, uppeldi og menntun leikskólabarna og deilir út verkefnum til starfsfólks.
- Skipuleggur og ber ábyrgð á að undirbúningstímar starfsmanna séu notaðir til skipulags og faglegs undirbúnings auk annarra tilfallandi verkefna.
- Starfar samkvæmt stefnu og markmiðum Auðarskóla sem tekur mið af skólafestu Dalabyggðar, aðalnámskrá leikskóla, lögum og reglugerðum um leikskóla og öðrum lögum sem við eiga.

Kröfur um menntun, kunnáttu, reynslu og hæfni

- Leikskólakennararéttindi eða önnur kennsluréttindi sem gefa rétt til starfsins.
- Reynsla og/eða menntun í stjórnun æskileg.
- Frumkvæði í starfi og faglegur metnaður
- Reynsla af kennslu og uppeldi ungra barna
- Lípurð og færni í mannlegum samskiptum
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð.
- Færni til að tjá sig í ræðu og riti.
- Góð íslenskukunnátta.
- Góð tölvukunnátta.
- Stundvísi og reglusemi
- Hreint sakavottorð

Laun eru samkvæmt kjarasamningi KÍ og hentar starfið öllum kynjum.

Umsóknarfrestur er til 25. október 2021.

Nánari upplýsingar veitir Herdís Erna Gunnarsdóttir, aðstoðarleikskólastjóri, í síma: 430 4711 eða tölvupóstfang: herdis@audarskoli.is og Haraldur Haraldsson, skólastjóri, í síma 430 4757 eða 626 5877, tölvupóstfang: haraldur@audarskoli.is

Umsóknum skal skilað til skólastjóra Auðarskóla, Haralds Haraldssonar, Miðbraut 6-10, 370, Búðardal eða í tölvupósti á netfangið haraldur@audarskoli.is.



VERKEFNASTJÓRI UMHVERFISMÁLA HÚSAVÍK

Vilt þú vera hluti af skemmtilegu og líflegu starfsumhverfi með hugmyndaríku og drífandi fólki?

Leitað er að öflugum verkefnastjóra í teymi atvinnuþróunar og nýsköpunar hjá SSNE með sérstaka áherslu á umhverfismál. Umhverfismál eru ein þriggja stöða Sóknaráætlunar Norðurlands eystra. Meginmarkmið Sóknaráætlunar varðandi umhverfismál eru; Marka framtíðar- og heildarsýn landshlutans í umhverfismálum, efla staðbundna þekkingu á svæðinu í umhverfismálum, leggja okkar af mörkum til að mæta skuldbindingum Íslands varðandi bindingu CO2 og að koma til móts við þau markmið sem sett eru fram í landsáætlun varðandi meðferð úrgangs.

Um fullt starf er að ræða og gott ef viðkomandi getur hafið störf sem fyrst. Starfsstöð viðkomandi verkefnastjóra er á Húsavík en verkefnin spanna allt starfssvæði SSNE.

Helstu verkefni

- Umsjón með umhverfismálum SSNE og verkefnum á því sviði.
- Samskipti við ríki, sveitarfélög og aðra hagaðila vegna umhverfismála.
- Verkefnastýring stærri og minni verkefna sem tengjast verkssviði SSNE.
- Ráðgjöf, upplýsingagjöf og stuðningur við frumkvöðla.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólapróf sem nýtist í starfi (BA, BS, B.ed eða sambærilegt).
- Þekking og reynsla af umhverfismálum skilyrði.
- Þekking og reynsla af verkefnastjórnun.
- Mikil hæfni í samskiptum og tengslamyndun.
- Reynsla af ráðgjöf er kostur.
- Reynsla af stjórnun og rekstri er kostur.
- Góð þekking á atvinnulífi svæðisins er kostur.
- Sjálfstæði, frumkvæði og góð skipulagshæfni.
- Mjög góð færni í íslensku og ensku.
- Góð almenn tölvukunnátta.

Markmið með starfsemi SSNE er að efla Norðurland eystra sem eftirsótt til búsetu og atvinnu. SSNE skal vera sterkur bakhjarl aðildarsveitarfélaga í sameiginlegum málum þeirra og stuðla að góðu mannlífi, lifandi menningarlífi og öflugri atvinnustarfsemi á starfssvæðinu. Hlutverk SSNE er að þjónusta sveitarstjórnir og atvinnulíf á starfssvæði landshlutasamtakanna til að ná framangreindum markmiðum.

Umsóknarfrestur er til og með **20. október 2021**. Umsókn þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni umsækjanda.



MÖGNUM

Nánari upplýsingar veitir Sigríður Ólafsdóttir hjá Mögnum, sigga@mognum.is.



Vinnvinn | Kringlan 7 | 103 Reykjavík
Sími 552 1212 | vinnvinn@vinnvinn.is | www.vinnvinn.is

RÁÐNINGAR \ RÁÐGJÖF



KVIKMYNDATÖKUFÓLK OG HÖNNUÐIR!

Grafískur hönnuður

Við leitum að áhugasömum og hugmyndaríkum grafískum hönnuði í fullt starf á framleiðslusviði. Starfið felur í sér grafík og hönnunarverkefni er snúa að ímyndar- og kynningarmálum miðla RÚV. Menntun og reynsla á sviði grafískrar hönnunar er nauðsynleg.

Kvikmyndatökur fyrir fréttir

Við leitum að metnaðarfullum starfsmanni í fullt starf við fréttamyndatökur. Um er að ræða alhliða fréttamyndatöku fyrir sjónvarp og vefsíðu, og einnig dagskrártökur, íþróttatökur, stúdíötökur o.s.frv. Þekking eða reynsla af klippiforritum er æskileg. Myndatökufólk er leiðandi í úrlausnum og útfærslum í nánú samráði við dagskrárgerðarfólk. Menntun og reynsla á sviði kvikmyndatöku ásamt þekkingu á drónatökum er nauðsynleg.

Nánari upplýsingar um störf veitir
Birgir Sigfússon, framkvæmdastjóri miðla
og framleiðslu, birgir.sigfusson@ruv.is



Umsóknum skal skilað á vef RÚV, www.ruv.is/storf, þar er einnig að finna nánari upplýsingar um störf.

**Umsóknarfrestur er til
og með 24. okt. 2021**

Við hvetjum áhugasöm til að sækja um störf, óháð kyni, uppruna, fötlun eða skertri starfsgetu.

www.ruv.is



PROTOCOL ASSISTANT

Sendiráð Bandaríkjanna auglýsir stöðu
Protocol Assistant lausa til umsóknar.
Frekari upplýsingar er að finna á heimasíðu sendiráðsins:
<https://is.usembassy.gov/embassy/jobs/>
Umsóknir skulu sendar í gegnum
Electronic Recruitment Application (ERA)

The U.S. Embassy in Reykjavik is seeking an individual for the position of Protocol Assistant. Application instructions and further information can be found on the Embassy's home page: <https://is.usembassy.gov/embassy/jobs/>
Applications must be submitted through
Electronic Recruitment Application (ERA)



SÝSLUMAÐURINN

Sérfræðingur í málefnum barna

Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu auglýsir laust til umsóknar starf sérfræðings í málefnum barna samkvæmt barnalögum.

Sérfræðingar í málefnum barna er starfa hjá Sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu veita þjónustu við öll sýslumannsembætti og sinna verkefnum á landsvísi. Markmið með starfi sérfræðings í málefnum barna er að aðstoða foreldra við að leysa úr ágreiningsmálum og veita ráðgjöf og liðsinni m.a. vegna umgengni, forsjár eða búsetu barna, með sáttameðferð, ráðgjöf og öðrum úrræðum barnalaga.

Sérfræðingur annast sáttameðferð þegar foreldrar deila um umgengni, forsjá eða búsetu barna í málum hjá sýslumönnum. Við sáttameðferð er beitt viðurkenndum aðferðum til að leita sátta í ágreiningsmálum innan marka barnalaga. Sérfræðingur veitir einnig foreldrum sérfræðiráðgjöf í málum barna hjá sýslumanni. Þá veitir sérfræðingur liðsinni við meðferð máls hjá sýslumanni, sem getur meðal annars falist í að rannsaka hvaða tilhögun umgengni er barninu fyrir bestu og setja fram álit og mat á því. Þegar viðtal við barn er hluti af meðferð máls hjá sýslumönnum, annast sérfræðingur viðtalið og gerir um það skýrslu. Sérfræðingur sinnir einnig eftirliti með umgengni. Starf sérfræðings er unnið í samstarfi teymis sérfræðinga og lögfræðinga sýslumanns.

Menntunar- og hæfnikröfur:

- Háskólapróf til starfsréttinda í sálfræði, félagsráðgjöf eða sambærilegum greinum.
- Að hafa unnið að lágmarki í tvö ár við meðferð mála þar sem reynir beint á hagsmuni barna og/ eða foreldra.
- Að hafa haldgóða þekkingu á ákvæðum barnalaga og þeim helstu álitafnum sem reynir á við túlkun þeirra.
- Menntun á sviði sáttameðferðar eða sáttamiðlunar eða umtalsverð starfsreynsla á því sviði eða fjölskyldumeðferðar.
- Mikil hæfni í mannlegum samskiptum og geta til að vinna undir álagi.
- Færni til að geta unnið sjálfstætt sem og í hóp með skipulögðum og öguðum vinnubrögðum.
- Færni í mæltu og rituðu máli á íslensku og ensku.

Sótt er um starfið rafrænt á Starfatorg.is og má þar finna nánari upplýsingar um starfið.

Umsóknarfrestur er til og með 18.10.2021

Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu
Hlíðasmára 1, 201 Kópavogur
www.syslumenn.is

RÁÐNINGAR



Árangur fyrirtækja ræðst af þekkingu, getu og reynslu starfsmanna. Hver einstök ráðning er mikilvæg fjárfesting og er hagur bæði fyrirtækis og viðkomandi einstaklings að vel takist til.

intellecta

Intellecta ehf. Síðumúla 5 108 Reykjavík 511 1225 intellecta.is



VILTU KOMA MEÐ Í ÆVINTÝRI

— FJÓRIR NÝIR LEIKSKÓLAR OPNA Í VETUR



Ævintýraborg Eggertsgötu
Opnun fyrir árslok 2021



Ævintýraborg Nauthólsvegi
Opnun fyrir árslok 2021

ÆVINTÝRABORGIR

Fjórir nýir leikskólar í Reyjavík verða opnaðir í fjórum hverfum í vetur.

Nú leitum við að kraftmiklu, skapandi og metnaðarfullu fólki til að slást í för með okkur og móta starfið í fyrstu skólunum tveimur, við Eggertsgötu og Nauthólsveg.

VIÐ LEITUM AÐ:

- Aðstoðarleikskólastjóra
- Sérkennslustjóra
- Deildarstjóra
- Leikskólakennurum

FRÍÐINDI:

- Sundkort
- Afsláttur á dvalargjaldi
- Samgöngustyrkur
- Forgangur í leikskóla
- Menningarkort
- Heilsustyrkur
- Frír hádegismatur

Í Ævintýraborgum sem staðsettar verða miðsvæðis verður góður aðbúnaður fyrir bæði börn og starfsfólk. Frábær starfsmannaaðstaða, nægt rými og 36 stunda vinnuvika.

FJÓRAR ÆVINTÝRABORGIR:

- Eggertsgata – 95 börn, opnun fyrir árslok 2021
- Nauthólsvegur – 100 börn, opnun fyrir árslok 2021
- Vogabyggð – 100 börn, opnun fyrir vorið 2022
- Barónsstígur – 60 ungbörn, opnun fyrir vorið 2022

Nánari upplýsingar um störfín og ævintýraborgirnar á reykjavik.is/storf



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Póstdreifing er dreifingarfyrirtæki sem dreifir dagblöðum, tímaritum, fjölpósti og ýmsu öðru dreifingarefni.

Fyrirtækið keppir að því að vera í forystu á sviði dreifingar með því að bjóða viðtæka og áreiðanlega þjónustu á góðu verði.



BLAÐBERAR ÓSKAST

- Póstdreifing óskar eftir að ráða blaðbera á höfuðborgarsvæðinu.
- Frábærar aukatekjur fyrir duglegt og ábyrgt fólk.
- Dreifing fimm daga vikunnar, þriðjudaga til laugardaga fyrir klukkan 7 á morgnana.

Umsóknir óskast fylltar út á www.postdreifing.is. Viðkomandi þarf að geta hafið störf fljótlega. Sendu póst á bladberi@postdreifing.is fyrir nánari upplýsingar.



BLAÐBERAR ÓSKAST

Póstdreifing er dreifingarfyrirtæki sem dreifir dagblöðum, tímaritum, fjölpósti og ýmsu öðru dreifingarefni.

Fyrirtækið keppir að því að vera í forystu á sviði dreifingar með því að bjóða viðtæka og áreiðanlega þjónustu á góðu verði.



- Óskum eftir blaðberum á höfuðborgarsvæðinu.
- Frábærar aukatekjur fyrir duglegt og ábyrgt fólk.
- Dreifing fimm daga vikunnar, þriðjudaga til laugardaga fyrir klukkan 7 á morgnana.

Umsóknir óskast fylltar út á www.postdreifing.is.

VIÐ HLUSTUM



VILTU VERA MEÐ?

LYFJAFRÆÐINGAR

ÓSKAST TIL STARFA

Upplýsingar um störfin veitir Guðbjörg Stefánsdóttir, rekstrar- og mannauðsstjóri, gudbjorg@lyfogleilsa.is
Sendu umsókn merktu „lyfjafræðingur“, ásamt ferilskrá á starf@lyfogleilsa.is

www.lyfogleilsa.is

Starfssvið

Í starfinu felst fagleg ábyrgð á afgreiðslu lyfja samkvæmt lögum og reglugerðum um lyfsölu.

Hæfniskröfur

Ef þú hefur háskólapróf í lyfjafræði og gilt starfsleyfi, brennandi áhuga á þjónustu, ert jákvæður og opinn einstaklingur, þá gætum við verið að leita að þér.

Lyf & heilsa er framsækið þjónustufyrirtæki með starfsemi víðsvegar um landið. Fyrirtækið leggur metnað sinn í að veita viðskiptavinum sínum framúrskarandi þjónustu á sviði heilsu, heilbrigði og lífsgæða.



Lausar stöður hjá Hafnarfjarðarbæ

Grunnskóli

- Kennari í sérkennslu og íslensku sem annað mál - Hraunvallaskóli
- Skóla- og frístundaliði - Áslandsskóli, Skarðshlíðarskóli
- Sviðslistakennari í stundakennslu - Skarðshlíðarskóli
- Umsjónarkennari - Engidalsskóli

Leikskóli

- Leikskólakennarar - Hraunvallaleikskóli, Hvammur, Hörðuvellir, Smáralundur, Stekkjarás, Tjarnarás, Víðivellir, Skarðshlíðarleikskóli
- Leikskólakennarar í 50-100% starf - Víðivellir
- Starfsmaður á leikskóla tímabundin afleysing - Hamravellir
- Þroskaþjálfari - Norðurberg, Skarðshlíðarleikskóli

Málefni fatlaðs fólks

- Deildarstjóri í búsetaþjónustu - Drekavellir
- Starfsfólk í frístundaklúbb - Kletturinn, Vinaskjól

Nánari upplýsingar á:
Hafnarfjörður.is



Þarftu
að ráða?

ráðum
ráðningarstofa

WWW.RADUM.IS | 519 6770 | RADUM@RADUM.IS



PM – Premium Makler GmbH

Söluráðgjafar óskast

Þýska líftryggingafélagið Bayern Líf hefur boðið upp séreignarsparnað frá árinu 2007 og hefur á þeim tíma öðlast mikinn fjölda viðskiptavina.

Miðlunin PM-Premium Makler er með samning við þýska líftryggingfélagið Bayern Líf um sölu og ráðgjöf á vörum þess.

Vegna aukinna umsvifa þá þurfum við að bæta við í ráðgjafahóp okkar og bendum áhugasömum á að senda tölvupóst á Róbert Frey Jóhannsson á netfangið robert@pm-premium.de



vistor



SÉRFRÆÐINGUR Í KLÍNÍSKUM RANNSÓKNUM

Vistor óskar eftir að ráða sérfræðing í klínískum rannsóknum. Um er að ræða tímabundna stöðu til eins árs með möguleika á framlengingu. Viðkomandi mun hafa umsjón og eftirlit með klínískum lyfjarannsóknum sem gerðar eru á vegum viðskiptavina Vistor hér á landi. Sérfræðingur í klínískum rannsóknum hefur bein samskipti við fulltrúa bakhjarls og er tengiliður milli bakhjarls og rannsóknarseturs.

Helstu verkefni

- Undirbúningur og uppsetning rannsókna í samvinnu við rannsækendur og bakhjarl
- Vöktun rannsókna og skýrslugerð
- Þjálfun rannsóknarteyma
- Skjalavinna
- Þýðingar

Hæfni og eiginleikar

- Háskólamenntun af heilbrigðis- eða raunvísindasviði eða önnur sambærileg menntun sem nýtist í starfi
- Mjög góð íslensku- og enskukunnátta og kunnátta í Norðurlandamáli æskileg
- Þjónustulund og framúrskarandi samskiptahæfileikar
- Sjálfstæð vinnubrögð
- Nákvæmni og samvirkusemi
- Góð almenn tölvukunnátta
- Reynsla af klínískum rannsóknum er kostur

UMSÓKNARFRESTUR ER TIL 17. OKTÓBER NK.

Tekið er við umsóknum í gegnum heimasíðu Vistor, www.vistor.is.

Umsókn skal fylgja ítarleg ferilskrá og kynningarbréf þar sem fram koma ástæður þess að sótt er um starfið og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Nánari upplýsingar veita **Gunnur Petra Þórsdóttir**, deildarstjóri klínískra rannsókna, gunnur@vistor.is og **Pétur Veigar Pétursson**, starfsmannastjóri, petur@veritas.is.

Vistor hf. er leiðandi fyrirtæki á sviði markaðssetningar á lyfjum, heilsuvörum og dýraheilbrigðisvörum á Íslandi. Fyrirtækið er samstarfsaðili fjölmargra alþjóðlegra lyfjafyrirtækja og veitir þeim þjónustu við skráningar, sölu- og markaðsmál, klínískar rannsóknir, auk þess að hafa milligöngu um innflutnings- og dreifingarstarfsemi. Vistor er hluti af fyrirtækjasamstæðu Veritas ásamt Artasan, Distica, MEDOR og Stoð



GILDI VISTOR ERU ÁREIÐANLEIKI, HREINSKIPTNI OG FRAMSÆKNI

Erum við
að leita **að þér?**

Við leitum að öflugum leiðtogum til að þjónusta fagaðila

Við hjá Leigunni í BYKO erum að leita að metnaðarfullum leiðtogum til að ganga til liðs við öfluga liðsheild sem hafa áhuga á að vinna að uppbyggingu starfseminnar í nýjum höfuðstöðvum á Selhelli í Hafnarfirði.

BYKO Leiga mun strax á nýju ári opna glæsilega nýja aðstöðu þar sem starfseminni verður loksins fundin

framτίðarstaðsetning þar sem möguleiki til vaxtar er til staðar og aðbúnaður og aðstaða verður til fyrirmyndar.

BYKO leitar að fólki sem hefur framúrskarandi þjónustulund, góða hæfni í mannlegum samskiptum, viðhefur sjálfstæð og öguð vinnubrögð og sýnir frumkvæði og metnað.

Svæðisstjóri

Verkfæri og tækni, leiga og sala

Við leitum að einstaklingum með:

- Reynslu af stjórnun, skilyrði
- Mjög góð þekking á verkfærum og tækjum, skilyrði
- Menntun og/eða reynslu á ábyrgðarsviði, kostur
- Reynsla af sölu/leigu til fagmanna, kostur
- Áhuga á verslun og þjónustu
- Þekking á Microsoft Dynamics AX, kostur
- Íslensku- og enskukunnátta í ræðu og riti, skilyrði

Helstu verkefni:

- Ábyrgð á daglegri starfsemi
- Dagleg stjórnun, ábyrgð á mönnun og vaktaskipulagi
- Uppbygging á sölu og þjónustu til fagmanna
- Samskipti, sala og þjónusta við viðskiptavinum
- Samskipti við þjónustuaðila og birgja.
- Skipulagning og ábyrgð á ferlum verslunar og tækjaleigu.

Svæðisstjóri

Steypumót og vinnupallar, leiga og sala

Við leitum að einstaklingum með:

- Reynslu af stjórnun, skilyrði
- Þekking á verklegum framkvæmdum, kostur
- Reynsla af sölu/leigu til fagmanna, kostur
- Reynsla af starfi í byggingariðnaði, kostur
- Þekking á Microsoft Dynamics AX, kostur
- Íslensku- og enskukunnátta í ræðu og riti, skilyrði

Helstu verkefni:

- Ábyrgð á daglegri starfsemi
- Dagleg stjórnun, ábyrgð á mönnun og vaktaskipulagi
- Uppbygging á sölu og þjónustu til fagmanna
- Samskipti, sala og þjónusta við viðskiptavinum
- Samskipti við þjónustuaðila og birgja.
- Skipulagning og ábyrgð á ferlum er varðar steypumót, vinnupalla og tengdar vörur

Svæðisstjóri

Viðgerðar- og varahlutabjónusta

Við leitum að einstaklingum með:

- Menntun og/eða reynslu á ábyrgðarsviði s.s. rafeindavirkjun, skilyrði
- Reynslu af stjórnun, kostur
- Vítæk reynsla á sviði viðhalds véla og tækja, skilyrði
- Þekking á Microsoft Dynamics AX, kostur
- Íslensku- og enskukunnátta í ræðu og riti, skilyrði

Helstu verkefni:

- Ábyrgð á daglegri starfsemi viðgerðar- og varahlutabjónustu
- Uppbygging á viðhalds- og eftirkaupabjónustu fyrir BYKO í heild.
- Ábyrgð á viðhaldi tækja og leiguvara.
- Samskipti, sala og þjónusta við viðskiptavinum
- Samskipti við þjónustuaðila og birgja.
- Skipulagning og ábyrgð á ferlum er varða viðgerðarbjónustu.

Hvetjum alla áhugasama til þess að sækja um, óháð kyni. Umsóknafrestur er til 20. október 2021. Allar frekari upplýsingar veitir Bragi Jónsson, bragi@byko.is, rekstrarstjóri.

Sótt er um á byko.is eða alfred@byko.is

BYKO
LEIGA



SAMHÆFINGARSTÖÐ KRABBAMEINSSKIMANA

Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins auglýsir laus til umsóknar ný og spennandi ótímabundin störf hjá Samhæfingarstöð krabbameinsskimana.

Samhæfingarstöð krabbameinsskimana ber ábyrgð á skipulagi og samhæfingu skimunar. Er það gert í samráði við þá aðila sem koma að skimun fyrir krabbameini í leghálsi, brjóstum og ristli.

Eftirfarandi störf eru nú laus til umsóknar:

VERKEFNASTJÓRI RISTILSKIMANA

Þróun og innleiðing skráningarkerfa, boðunar-kerfa og leiðbeininga til skjólstæðinga og starfsfólks.

VERKEFNASTJÓRI

Utanumhald, yfirferð og eftirfylgd skimana. Skipulag og samræming verklags.

KVENSJÚKDÓMA- OG FÆÐINGARLÆKNIR

Faglegur stuðningur við starfsmenn. Þátttaka í teymi um innleiðingu á faglegum leiðbeiningum.

HEILSUGÆSLURITARI

Skráning í gagnagrunna. Símsvörun, bókari og önnur tilfallandi verkefni.

Nánari upplýsingar veitir Ágúst Ingi Ágústsson - agust.ingi.agustsson@heilsugaeslan.is

Sjá nánar á www.starfatorg.is og á www.heilsugaeslan.is undir laus störf



VIRÐING - SAMVINNA - FAGMENNSKA

2 FASTEIGNASALAR ÓSKAST Í TEYMIÐ OKKAR

- Við bjóðum upp á samheldið teymi og góðan vinnuanda
- Bókunarkerfi fyrir opin hús. Kaupendur bóka sig fyrirfram og sækja upplýsingar sjálfir án aðkomu fasteignasala
- Háþróað eftirfylgnikerfi fyrir kaupendur og upplýsingakerfi fyrir seljendur á Mímar síður
- Samfélagsmiðladeild sem sér um alla markaðssetningu fyrir fasteignasala, bæði persónulega sem og á eignum
- Frelsi til að þróast í starfi og markaðssetja eignir og sjálfan sig
- Heimasíða fyrir hvern fasteignasala
- Engin viðveruskylda
- Við njótum góðra kjara og viljum sífellt gera betur
- Hjá okkur færðu betur greitt fyrir sömu vinnu.

Eingöngu löggiltir fasteignasalar með amk 3ja ára starfsreynslu koma til greina. Umsóknarfrestur rennur út 1. Nóvember 2021. Öllum umsóknum verður svarað.

SÆKTU UM NÚNA
asdis@husaskjol.is



Farið verður með umsóknir sem trúnaðarmál og ekki hringt í meðmælendur nema með leyfi umsækjanda.



**SAMTÖK
ATVINNULÍFSINS**

Ert þú snjall penni og glærusmiður sem brennur fyrir málefnum atvinnulífsins?

Hefur þú brennandi áhuga á íslensku atvinnulífi og vilt hafa áhrif?

Við leitum að öflugum einstaklingi sem býr yfir mikilli færni í textagerð og framsetningu og samþættingu efnis. Einstaklingi sem á auðvelt með að vinna með fólki og getur sett fram vandað efni á lifandi máta. Starfið heyrir undir miðlunarstjóra Samtaka atvinnulífsins.

Umsóknarfrestur er til og með
20. október n.k.

Umsókn skal fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar. Gagnlegt er að fá dæmi um ritstörf og/eða framsetningu á efni sem lýsir hæfni til að gegna starfinu.

Sótt er um starfið á
alfred.is/vinnustadir/atvinnulifid

Nánari upplýsingar um starfið fást hjá Védísi Hervöru Árnadóttur, miðlunarstjóra Samtaka atvinnulífsins - vedis@sa.is

Í starfinu felst m.a.

- Almenn ritstjórn og skrif um fjölbreytt málefni
- Úrvinnsla, framsetning og miðlun efnis þ.á.m. gerð glærukynninga
- Reglubundin samskipti við fjölmiðla
- Þátttaka í stefnumörkun og málefnastrafi samtakanna

Hæfnikröfur

- Framúrskarandi íslenskukunnátta, færni í textagerð og miðlun efnis
- Framúrskarandi færni í gerð glærukynninga
- Brennandi áhugi og þekking á málefnum íslensks atvinnulífs
- Sjálfstæði í vinnubrögðum, skipulags-hæfileikar og geta til að halda utan um marga þræði eru mikilvægir eiginleikar
- Lagni í mannlegum samskiptum
- Teymishugsun, jákvæðni, frumkvæði og þjónustumiðuð nálgun
- Tæknileg nálgun og færni
- Háskólagráða sem nýtist í starfi



Við ráðum

Ráðum býður upp á ráðgjöf og ráðningarpjónustu sniðna að þörfum viðskiptavinarins.

Stjórnendaleit

Reynsla og gott tengslanet sérfræðinga Ráðum skilar árangri þegar finna þarf æðstu stjórnendur eða fólk í stjórnir fyrirtækja.

Ráðningar millistjórnenda og sérfræðinga

Góður gagnagrunnur, gott tengslanet og áralöng reynsla á ráðningarmarkaði eykur líkurnar á því að finna hæfasta einstaklinginn í starfið.

Almennar ráðningar á markaði

Öflun umsækjenda í almenn störf er ein helsta áskorun fyrirtækja í dag. Þekking á markaðnum er því mikilvæg og þar skiptir reynslan miklu máli. Með leit í gagnagrunni eða auglýsingu í viðeigandi miðlum aðstoðar Ráðum fyrirtæki við að finna hæfasta einstaklinginn í starfið.

Sveigjanleg nálgun

Sérstaða Ráðum liggur í sveigjanlegri nálgun á ráðningarverkefnið. Fyrir utan að sjá um allt ráðningarferlið komum við til móts við þarfir fyrirtækja með því að sjá um hluta þess ef þörf krefur, t.d. bakgrunnskannanir, hæfnismat eða starfstengdar æfingar.

Matstæki

Ráðum notast við nýjustu aðferðir við að meta hæfni og persónuleikaþætti sem geta skipt sköpum í ráðningum. Ráðum er í samstarfi við bandaríska mannauðslausnafyrirtækið CEB sem er í fararbroddi í persónuleikaprófum og öðrum matstækjum sem eru sérstaklega hönnuð til að greina sérstöðu og hæfileika einstaklinga áður en ráðning fer fram.

Þannig er hægt að finna hæfasta einstaklinginn með talsverðri nákvæmni. Persónuleikamatið OPQ32 og DSI (Dependability & Safety Index) skimunarprófið hafa t.d. verið stöðluð og staðfærð að íslenskum markaði.

Ráðgjöf við starfslok

Viðskilnaður fyrirtækis við starfsmann skiptir höfuðmáli þegar fyrirtækið á frumkvæðið að starfslokum. Ráðum býður upp á viðtal við ráðgjafa sem felur m.a. í sér upplýsingar um atvinnumarkaðinn, ráðgjöf varðandi starfsferilskrá og kynningarbréf og hagnýt atriði varðandi starfsleit og atvinnuviðtöl.

ráðum
ráðningarstofa

WWW.RADUM.IS | 519 6770 | RADUM@RADUM.IS



Þjóðminjasafn Íslands

óskar eftir að ráða öfluga einstaklinga í ný og spennandi störf

Sérfræðingur í miðlun menningarsögu

Leitað er eftir öflugum einstaklingi sem hefur brennandi áhuga á menningarsögu, miðlun, ritstjórn og textavinnu.

Í boði er nýtt og áhugavert starf á kjarnasviði safneignar þar sem hópur sérfræðinga vinnur að faglegu safnastarfi og þjóðminjavörslu, þ.e. söfnun, skráningu, varðveislu, rannsóknnum og miðlun safneignar (myndir, munir, þjóðhættir og hús). Aðalstarfsstöð viðkomandi starfsmanns er á Tjarnarvöllum 11 í Hafnarfirði.

Helstu verkefni eru:

- Þátttaka í gerð grunn- og sérsýninga og ritun sýningatexta
- Umsjón með og/eða ritun texta í útgáfum á vegum safnsins
- Ritun texta fyrir stafræna miðlun
- Önnur verkefni tengd miðlun safnkostsins
- Önnur textavinnsla t.d. vegna styrkumsókna
- Þátttaka í öðrum verkefnum kjarnasviðs safneignar

Menntunar og hæfiskröfur:

- Háskólapróf (BA/BS) sem nýtist í starfi
- Reynsla af textavinnu nauðsynleg
- Reynsla af safnastarfi æskileg
- Mjög góð færni í íslensku og ensku, jafnt töluðu sem rituðu máli
- Góð almenn tölvufærni
- Skipulagshæfni, lipurð í mannlegum samskiptum og jákvætt viðmót
- Frumkvæði, nákvæmni og metnaður í starfi

Nánari upplýsingar veita Ágústa Kristófersdóttir framkvæmdastjóri safneignar, agusta@thjodminjasafn.is og Hildur Halldórsdóttir mannauðsstjóri hildur@thjodminjasafn.is.

Sérfræðingur í skráningu

Leitað er eftir öflugum einstaklingi sem hefur brennandi áhuga á safnastarfi og menningarsögu.

Í boði er nýtt og áhugavert starf á kjarnasviði safneignar þar sem hópur sérfræðinga vinnur að faglegu safnastarfi og þjóðminjavörslu, þ.e. söfnun, skráningu, varðveislu, rannsóknnum og miðlun safnkosts. Aðalstarfsstöð viðkomandi starfsmanns er á Tjarnarvöllum 11 í Hafnarfirði.

Helstu verkefni eru:

- Skráning í skráningarkerfið Sarp
- Vinna við inn- og útlán safnkosts
- Önnur umsýsla með safnkost
- Þjónusta við einstaklinga og stofnanir
- Móttaka og úrvinnsla fyrirspurna
- Þátttaka í mótun og innleiðingu gæðakerfis
- Þátttaka í öðrum verkefnum kjarnasviðs safneignar

Menntunar og hæfiskröfur:

- Háskólapróf (BA/BS) sem nýtist í starfi
- Reynsla af safnastarfi æskileg
- Reynsla af skráningu í skráningarkerfi æskileg
- Reynsla af vinnu við gæðamál og verkferla æskileg
- Góð færni í íslensku og ensku, jafnt töluðu sem rituðu máli
- Góð almenn tölvufærni
- Skipulagshæfni, lipurð í mannlegum samskiptum og jákvætt viðmót
- Frumkvæði, nákvæmni og metnaður í starfi

Nánari upplýsingar veita Ágústa Kristófersdóttir framkvæmdastjóri safneignar, agusta@thjodminjasafn.is og Hildur Halldórsdóttir mannauðsstjóri hildur@thjodminjasafn.is.

Samskiptastjóri - markaðs- og kynningarmál

Leitað er eftir öflugum einstaklingi sem býr yfir frumkvæði, metnaði og áhuga til að stýra markaðs- og kynningarmálum Þjóðminjasafns Íslands.

Samskiptastjóri tilheyrir fjármála- og þjónustusviði með starfsstöð á Suðurgötu 41, Reykjavík. Fjármála- og þjónustusvið hefur umsjón með fræðslu og miðlun á menningartengdu efni. Sérfræðingar sviðsins sjá meðal annars um fræðslu fyrir skólahópa, ferðafólk, almenna gesti, skipulagningu viðburða, umsjón með vef- og samfélagsmiðlum og markaðs- og kynningarmálum.

Helstu verkefni eru:

- Umsjón með markaðs- og kynningarmálum
- Öflun og viðhald tengsla við fjölmiðla, ferðamálaíðnaðinn, menningar- og atvinnulíf
- Umsjón með samfélagsmiðlum
- Frétta- og greinaskrif
- Samskipti við auglýsingastofur, hönnuði, prentsmiðjur og öflun tilboða
